

Leikskólinn Birkilundur



Ársáætlun
veturinn 2011-2012

Efni bæklingisins:	bls
Velkomin í Birkilund, opnunartími, netfang	2
Starfsfólk	2
Foreldrafundur	3
Foreldraviðtöl	3
Starfið á Kvistalandi	3
Íþróttahús	4
Tónlist	5
Skógurinn	5
Gaman-saman	5
Starfið á Könglalandi	5
Litlu snillingarnir - elsti árgangur leikskólans	7
Skipulags- og námskeiðsdagar	8
Dagskipulag	9

Velkomin í Birkilund

Opnunartími 7:45-16:00

sími 4538215

netfang: birkilundur@skagafjordur.is

heimasíða: www.skagafjordur.is - heimasíður stofnana

Starfsfólk

Kennarar á Könglalandi:

Ragnheiður Lára Brynjólfsdóttir er deildarstjóri. Hún vinnur frá 7:55-16:00 mánud., þriðjud. og miðvikud. og frá 7:55-13:40 á fimmtudögum.

Bogdís Hermansdóttir vinnur frá 8:15-16:00 alla daga nema föstudaga til 13:15.

Hanna Björg Hauksdóttir vinnur frá 8:00-13:40 alla daga nema fimmtudaga. Annan hvern þriðjudag vinnur hún til 16:00.

Margrét Jónsdóttir, grunnskólakennari, vinnur frá 8:10-16:10.

Linda Björnsdóttir deildarstjóri er árs leifi.

Drífa Árnadóttir er kennari í afleysingu á báðum deildum. Hennar vinnutími er frá 8:00-16:00 á þriðjud., fimmtud. og föstud.

Kennarar á Kvistalandi:

Sigríður M. Helgadóttir er deildarstjóri. Hún vinnur frá 8:00-16:00 alla daga. Hún er staðgengill leikskólastjóra.

Selma Guðjónsdóttir mætir kl 7:40 alla daga. Hún er til 16:00 alla daga nema á föstudögum hættir hún kl 14:20.

Faney Friðriksdóttir vinnur frá 8:00-13:40 alla daga nema fimmtud. til 16:00. Annan hvern þriðjudag vinnur hún til 16:00.

Sérkennslustjóri: Guðbjörg Sigfúsdóttir er í árs leifi.

Leikskólastjóri hefur umsjón með sérkennslu á meðan.

Leikskólastjóri: Steinunn Arnljótsdóttir vinnur alla jafnan frá kl 8:00-16:00, en sumir dagar eru þó lengri og aðrir styttri eftir því sem verkefni og aðstæður gera kröfu til.

Matráður: Aníta Ómarsdóttir vinnur frá 8:00-13:45. Annan hvern þriðjudag vinnur hún til 16:00.

Ræsting: Sigurlaug Markúsdóttir

Sérfræðingar hjá Fjölskyldusviði Skagafjarðar:

Dóra Heiða Halldórsdóttir þroskaþjálfari.

Inga Huld Þórðardóttir talmeinafræðingur

Ingvar Guðnason sálfræðingur

Selma Barðdal uppeldis- og sálfræðiráðgjafi.

Þessir aðilar koma af og til í leikskólann þegar við leitum til þeirra en ekki er unnið með einstök börn nema að fyrir liggja undirskrift foreldra á beiðni um sérfræðiaðstoð.

Foreldrafundur

Almennur foreldrafundur verður þriðjud. 4. okt. kl 20:30. Steinunn Arnljótsdóttir kynnir starfið í Birkilundi. Einnig verður aðalfundur foreldrafélagsins: kynnt ný stjórn og rætt um verkefni og starf. Kaffi og meðlæti.

Foreldraviðtöl foreldra við deildarstjóra munu fara fram á tímabilinu frá janúar fram í apríl.

Starfið á Kvistalandi

Á Kvistalandi eru 13 börn, 7 drengir og 6 stúlkur. Fimm börn eru fædd árið 2009 og 8 börn árið 2010.

Á mánudögum og miðvikudögum milli kl. 9:15 og 10 skiptum við barnahópnum í þrjá hópa. Við byrjum hópastarfið á því að hver hópur fer á sitt svæði þar sem boðið er upp á mismunandi verkefni allt eftir aldri og getu barnanna. Í

hverri viku er unnið með ákveðið viðfangsefni þar sem börnin fá útrás fyrir sköpunargleði sína. Öll börnin fá tækifæri til að taka þátt í þeirri vinnu. Á miðvikudagsmorgnum förum við með eldri árganginn í Furuland eða í skóginn þar sem leikskólinn hefur helgað sér svæði. Á fimmtudagsmorgnum förum við í íþróttahúsið, stefnt er að því að fara með allan eldri hópinn og jafnvel þau elstu úr yngri hópnum. Allir hópar fara í könnunarleik einu sinni í viku. Í könnunarleik felst að börnin eru í litlum hópum að skoða, handfjatla og kanna hluti s.s. dósir, eggjabakka, plastflöskur, tappa, lykla, keðjur og ýmislegt fleira. Börnin eru af eigin hvötum að kanna hlutina og gera tilraunir á þeim. Hlutverk starfsmanna er að vera til taks og fylgjast með án afskipta og gefa börnunum tækifæri til að uppgötva sjálf. Börnin fá því gott svigrúm til að njóta sín í leiknum í hópastarfinu. Við erum daglega með samverustundir þar sem við syngjum lesum sögur og spjöllum saman.

Útivera er stór hluti af daglega starfinu, hreyfing og útivera eru samtengdir þættir

Við leggjum áherslu á leikinn, þar sem hvert barn fær notið sín á sínum forsendum.

Í Aðalnámskrá leikskóla stendur: *Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfspröttinn og börnunum eðlilægur. Þau leika sér að fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum.*

Í leik gefst barni kostur á að efla alhliða þroska sem felst m.a. í líkams- og hreyfiþroska, tilfinningarþroska, vitsmunarþroska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgætisvitund.

Við kappkostum að hafa nægan tíma fyrir leikinn á Kvistalandi.

Íþróttahús

Miðvikudagar kl 9:30 - Könglaland

Fimmtudagar kl 10:00 - Kvistaland

Tónlist

Kristín Halla verður hjá okkur á þriðjudagsmorgnum. Mun hún verða með tónlist í báðum hópum á eldri deild og væntanlega eitthvað á yngri deild líka ef það gengur upp.

Gaman-saman

Samstarfsverkefni Birkilundar og Varmahlíðarskóla

Haustið 2007 fóru Birkilundur og Varmahlíðarskóli af stað með tilraunaverkefni. Markmiðið með því er að auka gagnkvæm samskipti á milli skólanna, m.a. til þess að auðvelda börnunum flutning á milli skólastiga og efla félags- og tilfinningaproska. Elstu börn leikskólans fara í heimsóknir í mismunandi stofur og með ýmsum bekkjum í Varmahlíðarskóla og börn úr Varmahlíðarskóla koma í heimsókn í Birkilund.

Starfið á Könglalandi.

Á Könglalandi eru 21 barn í vistun, 12 drengir og 9 stúlkur. Þrjú börn eru fædd árið 2006, sjö börn árið 2007 og ellefu börn árið 2008.

Vetrinum ætlum við að skipta upp í nokkur þemaverkefni, mismunandi löng eftir þema. Hópastarf er 2-4 sinnum í viku, klukkustund í senn. Hópastarf fer þannig fram að það hefur alltaf upphaf t.d lag sungið eða hópurinn boðinn velkominn á annan hátt, síðan fer fram viðfangsefnið/verkefnið sem hópurinn ætlar að fást við og að lokum endir, hópurinn þakkar fyrir samveruna.

Einnig er lögð mikil áhersla á leikinn og að börnin fái að leika sér frjálst og óhindrað. Í Aðalnámskrá leikskóla stendur: *Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau*

setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra.

Við ákváðum að leyfa börnunum að finna nöfn á hópana sína en börn sem eru fædd árið 2006 og 2007 ætla að heita Hundahópur. Þar sem þeim hóp er stundum skipt í tvennt eftir aldri var ákveðið að árgangur 2006 myndi heita Seppar og árgangur 2007 heita Hvuttar en heildin heitir eins og áður sagði Hundahópur og mun Ragna Lára mun sjá um þennan hóp. Börn sem eru fædd árið 2008 ákváðu að heita Kisuhópur og mun Margrét sjá um hann. Bogdís og Hanna Björg munu síðan verða með báðum hópunum til skiptis. Myndsköpun, málörvun, tónlist, föndur, Skógarlundur og fleira skemmtilegt hópastarf rúllar síðan mismunandi eftir vikum. Kisuhópur fer alltaf í Furuland á mánu- og þriðjudögum og Hundahópur á fimmtudögum. Kristín Halla mun koma og sjá um tónlist á þriðjudögum, Kisuhópur er kl.9:00-9:30 og Hundahópur er kl.10:00-10:30. Ákveðið hefur verið að báðir hóparnir fari saman í íþróttahúsið á miðvikudögum kl.9:30-10:30. Hundahópur mun síðan fara í Stig af stigi.

Í hópatímum í vetur munu börnin vinna að:

- **Myndsköpun**, þar sem markmiðið er að barnið fái útrás fyrir sköpunarþörf sína, þroski með sér einbeitingu og efla samhæfingu handa og augna. Barnið endurspeglar oft í myndverkum sínum þá reynslu sem það hefur upplifað, þær tilfinningar sem bærast með því og það sem því er hagleikið.
- **Tónlist**, þar sem markmiðið er að barnið þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda í gegn um söng, hlustun (tónverk, hljóðaspil, ofl), hreyfingu (dans ofl.), hljóðgjafa og hljóðfæri.
- **Málörvun**, þar sem markmiðið er að efla markvisst hljóðkerfisvitund barnanna og búa þau þannig undir lestrarnám. Við notum bókina Markvissa málörvun ofl. og

vinnum með þulur, rím, klappa atkvæði, spil, leiki, lestur og ritun.

- **Hreyfingu**, þar sem markmiðið er að barnið fái útrás fyrir hreyfipörf sína og að auka/efla líkamlegt úthald. Til þess notum við leiki, íþróttahús og nánasta umhverfi til að fara í gönguferðir.
- **Félagsfærni**, þar er unnið með **Stig af stigi** og mun Furuhópur fara einu sinni í viku í það.

Einnig ætlum við að vera dugleg að fara í ýmiskonar skoðunar- og vettvangsferðir um nánasta umhverfi okkar og einnig fer Kisuhópur í heimsókn í Víðimýrarkirkju. Þá munu allir á Könglalandi fara í sveitaferð á vormánuðum.

Seppar - elsti árgangur leikskólans

Seppar munu a.m.k. fara einu sinni í viku í fjölbreytt og skemmtileg verkefni. Markmiðið með þessum verkefnum er að bjóða elstu börnunum upp á fjölbreytt og þroskandi verkefni sem stuðla að sjálfstæði og sjálfsþekkingu þeirra og efla með þeim vináttu og samkennd. Leitast verður við að rækta tjáningar og sköpunarmátt barnanna til að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt. Að börnin þjálfist í að vinna saman og sýna öðrum tillitssemi og umburðarlyndi. Stuðla að því að börnin öðlist færni sem talin er nauðsynleg þegar leikskóla líkur og grunnskólinn tekur við.

Öll þessi vinna Seppanna er miðuð við að komið sé til móts við mikla fróðleiksfýsni og aukna getu elstu barnanna, með því að gefa þeim kost á erfiðari viðfangsefnum, sem krefjast meiri einbeitingar og úthalds. Þetta eru ýmis leikskólaverkefni sem byggja á starfsaðferðum og hugmyndafræði leikskóla.

Á hverju hausti er lagt fyrir elstu börn leikskólans próf í leikjaformi, til að kanna hljóðkerfisvitund þeirra. Í þessum leikjum eru börnin að ríma, búa til ný orð og leika sér með orð

og hljóð á margan hátt. Þessi leikur að orðum og hljóðum er undanfari lestrarnáms. Hæfnin eða þroskinn til að geta slíkt kallast hljóðkerfisvitund. Prófið gefur vísbendingar um hvaða börn eru líkleg til að eiga síðar í erfiðleikum með lestrarnám. Tilgangurinn með því að nota þetta próf er að finna þessi börn og þjálfa hljóðkerfisvitund þeirra.

Í starfinu með Seppunum er unnið á margvíslegan hátt að þjálfun hljóðkerfisvitundar. Notuð eru verkefni og leikir úr bókunum: Markviss málörvun, Leggðu við hlustir, Ljáðu mér eyra og Tölum saman.

Gaman - saman verkefnið heldur að sjálfsögðu áfram og munu Sepparnir vera duglegir að fara í Varmahlíðarskóla til að kynnast skólanum, börnunum, kennurunum og öðru starfsfólki þar. Börnin úr Varmahlíðarskóla verða einnig dugleg að koma til okkar í heimsóknir. Einnig munu Sepparnir fara í ýmiskonar skoðunar- og vettvangsferðir m.a. í heimsókn í byggðasafnið í Glaumbæ. Starfinu hjá Seppunum líkur formlega með útskrift þann 23. maí 2012.

Skipulags- og námskeiðsdagar - leikskólinn lokaður

Fimmtudagur 18. ágúst	Starfs- og fræðsludagur
Föstudagur 30. september	Haustþing
Mánudagur 2. apríl	Starfsdagur
Þriðjudagur 3. apríl	v/starfsmannafunda*
Miðvikudagur 4. apríl	v/starfsmannafunda*
Mánudagur 4. júní	Starfsdagur

*starfsmannafundir eru haldnir utan vinnutíma og starfsfólk fær frí á móti.

Dagskipulag á Könglalandi

07:45 leikskólinn opnar, val
08:00 val
08:15 morgunmatur/val
09:00 hópastarf á Könglalandi og í Furulandi
10:00 ávaxtatími
10:15 val/útivist
11:30 söngur - samverustund
12:00 hádegismatur
12:30 lestur - útivera
13:00 útivera
14:30 rólegir leikir
15:00 síðdegisdrykkur
15:30 frjáls leikur
16:00 leikskólinn lokar

Dagskipulag á Kvistalandi

07:45 leikskólinn opnar, leikur
08:30 morgunmatur
09:00 hópastarf
10:00 ávaxtatími
10:30 útivera
11:30 börnin koma inn, þvottur og bleiuskipti
11:45 hádegismatur
12:10 hvíld/samverustund
13:00 útivera/leikur inni
15:00 síðdegisdrykkur/leikur/samvera
16:00 leikskólinn lokar